



Guðný Björk Eydal
prófessor

Ávarp ritstjóra *ritrýndra greina*

Í ár eru þrjár greinar birtar í ritrýndum hluta tímaritsins og ritstjóri þakkar höfundum áhuga á að birta greinar sínar í Tímariti félagsráðgjafa. Það er ómetanlegt fyrir fagstéttina að eiga þennan vettvang fyrir greinar um rannsóknir á sviði félagsráðgjafa því þannig eflum við best tengsl fræða og fags. Ritstjóri þakkar einnig ritrýnum fyrir þeirra vinnu, störf ritrýna eru unnin undir nafnleynd og því gleymist oft hversu framlag þeirra er mikilvægt fyrir þennan hluta tímaritsins.

Í ár fjalla greinarnar um fjölbreytt viðfangsefni, bataauð, barnavernd og vinnuumhverfi félagsráðgjafa. Erla Björg Sigurðardóttir gerir grein fyrir niðurstöðum rannsóknar á bataauði fólks sem hefur sótt langtímaeftir-meðferð vegna vímuefnaröskunar. Eva Dögg Sigurðardóttir fjallar um rannsókn á þróun tilkynninga til barnaverndar fyrir og eftir Covid-19-faraldurinn með áherslu á hlutverk almennings. Vera Mjöll Kristbjargardóttir og Steinunn Hrafnisdóttir fjalla

um niðurstöður rannsókna á vinnuumhverfi félagsráðgjafa á Velferðarsviði Reykjavíkurborgar. Greinarnar veita góða innsýn í fjölbreytileg viðfangsefni félagsráðgjafar og höfundum er hér með þakkað fyrir þeirra framlag.

*Með kveðju,
Guðný Björk Eydal,
ritstjóri ritrýndra greina*